

Mál nr. 104/2025**Nafn málskotsaðila (M)****Nöfn varnaraðila (V)****Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B).****Orsakatengsl. Sönnun.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 18. mars 2025, ásamt fylgiskjöllum.
2. Athugasemdir V, dags. 8. apríl 2025, ásamt fylgiskjöllum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 15. apríl 2025.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M lenti í árekstri 13. maí 2022. Byggir M á því að hann hafi orðið fyrir líkamstjóni. V sem vátryggði B, sem var í órétti, hafnar því að M hafi orðið fyrir líkamstjóni í umrætt sinn og eigi því ekki bótarétt. Í málskoti kemur fram að M hafi leitað á Heilsugæsluna á slysdegi. Komi fram í fyrirbyggjandi læknisvottorði að M hafi þá fundið fyrir verk í hægri herðablaði og átt erfitt með að lyfta hendinni. Þá sé þess einnig getið að næstu daga eftir slysið hafi M versnað í hægri öxl og að mikil eymsli séu yfir herðablaði. Hafi M samtals sótt sjúkráþjálfun í 36 skipti á tímabilinu 13. maí 2022 til 25. febrúar 2025. Í málskoti er einnig upplýst að M hafi lent í öðru umferðarslysi í febrúar 2022 en að þar sem afleiðingar þessara tveggja slysa hafi ekki verið metnar liggi ekki fyrir að hve miklu leyti fyrra slysið hafi haft áhrif á heilsu M.

Í athugasemdum V til nefndarinnar, dags. 15. apríl 2025, er m.a. byggt á því að M hafi ekki tekist að sanna að meiri líkur en minni séu á því að M hafi orðið fyrir tjóni af völdum slyssins 13. maí 2022. Telur V engin sjúkragögn hafa verið lögð fram sem sýni fram á ný einkenni M eftir áreksturinn 13. maí 2023. Þá bendir V m.a. á máli sínu til stuðnings að M hafi lent í öðru umferðarslysi nokkrum vikum fyrr og verið í virkri sjúkráþjálfunarmeðferð vegna þess slyss er hann lenti í seinna slysinu. Einnig bendir V á að M hafi m.a. lent í þremur slysum á árinu 2022.

Í málskoti byggir M m.a. á að óeðlilegt sé að leggja það á tjónþola í slysum eins og þeim sem M lenti í, að standa einn að allri gangaöflun til að sýna fram á orsakatengsl milli tjónsatburðar og líkamstjóns. Þegar um sé að ræða bótarétt vegna tjóns sem falli undir lögbundnar ökutækjatrýggingar, sé rétt að vátryggingafélög standi straum af kostnaði við slíka gagnaöflun, enda sé hún oft nauðsynleg til þess að hægt sé að leggja mat á það hvort skilyrðið um orsakatengsl sé uppfyllt.

Í athugasemdum V er á það bent að þó vissulega geti verið aðstöðumunur á milli vátryggingafélaga og einstaklinga hvað gagnaöflun varðar, þá verði engu að síður að gera þá kröfu til þess sem telur sig hafa orðið fyrir tilteknu tjóni að hann leggi fram sjúkragögn sem sýni fram á að meiri líkur en minni séu á því að orsakatengsl séu fyrir hendi.

Í viðbótarathugasemdum M, dags. 15. apríl 2025, er bent á að þegar allra nauðsynlegra gagna hefur verið aflað sé það hlutverk sérfróðra og óháðra matsmanna, ekki V, að meta það hvort orsakatengsl séu á milli slyssins 13. maí 2022 og þeirra afleiðinga sem M býr við í dag. Þá bendir M einnig á að í málinu liggi fyrir skýrsla sjúkráþjálfara þar sem m.a. komi fram það álit að M sé ennþá að kljást við einkenni frá öxl hægri megin og um sé að ræða part af stórra sjúkrasögu en að mati sjúkráþjálfarans sé áverkinn af völdum slyssins 13. maí 2022 sá áverki sem skilji eftir sig mestu einkennin á því svæði. Telur M að V hafi ekki tekist að hnekkja þessu mati sjúkráþjálfarans.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort líkamleg einkenni M megi rekja til áreksturs 13. maí 2022. V lét vinna svokallaða PC-Crash skýrslu, og liggur hún fyrir nefndinni. Byggir V á að sú skýrsla sýni að skemmdir á ökutækjunum hafi verið afar litlar og ekki hafi verið um háorkuárekstur að ræða. Nefndin bendir á að ekki verða dregnar víðtækar almennar ályktanir af þeirri skýrslu án þess að litið sé heildstætt til gagna málsins og einkum læknisfræðilegra gagna enda geta afleiðingar umferðaróhapps á heilsu fólks verið afar einstaklingsbundnar og ráðist af ýmsum þáttum, þrátt fyrir að litlir kraftar kunni að hafa verið að verki og ákoma á bifreiðar minni háttar.

Í málinu liggur m.a. fyrir læknisvottorð, dags. 24. júlí 2024. Þar kemur fram að við samningu vottorðsins vegna afleiðinga bílsslyss sem M lenti í 9. febrúar 2022 fór læknirinn yfir sjúkrakrá M allt aftur til 25. júlí 2008, samtals 145 samskipti við heilsugæsluna. Hins vegar kemur þar fram að læknirinn hafi ekki aðgang að gögnum fá öðrum sjúkrastofnunum eða sjálfstætt stafandi læknum. Þá liggur einnig fyrir sjúkrakrá M vegna tímabilsins 13. maí 2022 til 18. september 2024. Af þessum gögnum má m.a. ráða að fyrir slysið 13. maí 2022 hafi M átt flókna heilsufarssögu. Meðal annars virðist hann fyrir þetta tímamark hafa átt við margvísleg stoðkerfisvandamál að stríða auk sögu um ítrekuð fyrri slys. Jafnvel þó einstaklingar séu með einkenni frá stoðkerfi fyrir slys girðir það eitt ekki fyrir að varanlegt tjón kunni að hafa hlotist af því, með nýjum einkennum eða versnun fyrri einkenna. Hins vegar verða þá fyrirbyggjandi gögn að sýna fram á það með skýrum hætti að orsakatengsl séu milli tjónsatviks og nýrra eða versnandi einkenna.

Ekki er fyrirbyggjandi heildstætt læknisvottorð, eða mat hæfra og óvilhallra matsmanna, varðandi orsakatengsl á milli árekstursins og þeirra einkenna sem M býr við í dag. Þá verður ekki að mati nefndarinnar ráðið með vissu af fyrirbyggjandi sjúkrakrá að orsakatengsl sé milli árekstursins 13. maí 2022 og þeirra einkenna sem M vill tengja við hann. Fyrirbyggjandi greinargerð sjúkrapjálfa verður ekki talin fela í sér sönnun á orsakatengslum hvað þetta varðar.

Á grundvelli framangreinds verður ekki talið sýnt fram á að meiri líkur en minni séu fyrir því að M hafi orðið fyrir varanlegu líkamstjóni sem rakið verði til umrædds áreksturs. Verður M að bera hallann af sönnunarskorti hvað það varðar og eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu hans.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum vegna líkamstjóns úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Reykjavík, 27. maí 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir